



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

21. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu að Borg þann 5. júní 2024 klukkan 17:00

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

#### 1. 17. Júní 2024

Formaður er búin að vera í sambandi við SASS og forsætisráðuneytið vegna bókarinnar *Fjallkonan*. Þú ert móðir vor kær og köku sem ríkið gefur á 17. júní. Fáum 10 kassa með 20 bókum hver og köku fyrir 150 til 200 manns.

Væb afbókaði rétt fyrir fund. Höfðum samband við nokkra töframenn og Jón Víðis kemst um klukkan 15:30. Ákveðið að taka því og teygja aðeins á dagskránni.

Nefndin ætlar að hitta Steinar til að fara yfir undirbúning hátíðarhaldanna. Athuga þarf með festingar fyrir hoppukastalann þar sem hann verður á hörðu undirlagi.

- A. Búið að leigja poppvél hjá Rent a Party.
- B. Hoppukastali verður leigður hjá skátunum.
- C. ATH með að fá sveitarstjórn til að skammta kökuna.
- D. Búið að finna hátíðarræðukonu sem verður átræð á árinu.
- E. Blaklið UMF Hvatar sér um að grilla pylsur og fær ágóðann af því.
- F. AM athugar með að fá stórt tjald frá Tintron til að hafa kökuna og grillið í. Til vara ef veður verður óhagstætt.
- G. Skrúðgangan verður hefðbundin, gengið frá Olís og hringinn.
- H. Muna eftir stafi fyrir fjallkonuna.
- I. Hækka þarf verðið á pylsunum, stungið upp á 300 krónum.
- J. Guðný kaupir fánaveifur ca. 60 til 100 stk.
- K. VÆB afbókaði sig á síðustu stundu. Buðu okkur góðan aflsátt af öðrum tónleikum síðar í staðinn.
- L. Jón Víðis töframaður kemur



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Drög að dagskrá 17. Júní

13:00 Skrúðganga  
Innidagskrá  
Ræða formanns og kynning á dagskrá  
Hátíðarræða  
Verðlaunaafhending (ef gott veður, flutt út)  
Fjallkonan

Útidagskrá um klukkan 14:30  
Hátíðarkaka  
Pylsur, popp, gos og sælgæti  
Hoppukastali og leiktæki  
Jón Víðis töframaður

### 2. Borg í sveit / Grímsævintýri

Ný dagsetning á Grímsævintýrum er 24. ágúst.  
Nefndin hefur umsjón með markaðnum á Grímsævintýrum og formaður tekur yfir emailið [grimsaevintyri@gmail.com](mailto:grimsaevintyri@gmail.com). Athuga með að fá grimsaevintyri@gogg.is email.

### 3. Önnur mál

Íbúafundur verður haldinn 19. júní um fjölmenningu í Félagsheimilinu á Borg klukkan 18:00. Fundurinn er öllum opin.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:05